

Alþingi - Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. **P** 137/124  
komudagur 9.6.2009



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. júní 2009  
Tilvísun: UST20090500140/sá

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr, 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, 2. mál.**

Með bréfi, dags. 27. maí 2009 sendi umhverfisstofnun Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr, 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, 2. mál.

Umhverfisstofnun leggur til, til einföldunar, að í stað orðanna: „til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og lögbærri yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b. lið 6. gr. frumvarpsins komi: „samkvæmt Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“. Einnig leggur stofnunin til að í stað orðanna: „til Eftirlitsstofnunar EFTA“ og í 7. gr. a. komi orðin: „á framfæri samkvæmt Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.“

Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er vísað til tilskipunar 2001/19/EB. Væntanlega er átt við tilskipun 2001/18/EB.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið segir að gert sé ráð fyrir að kostnaður við aukin verkefni Umhverfisstofnunar verði 1,5-2,5 m.kr. fyrsta árið en lækki verulega eftir það. Mat stofnunarinnar var að árlegur kostnaður stofnunarinnar, þrátt fyrir heimildir til gjaldtöku vegna leyfisveitinga, yrði um 5 m.kr.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústsdóttir